

Einkasalir, félagsheimili og útisamkomur.

37. gr.

Tækifærisveitingar eru sala veitinga í atvinnuskyni sem ekki eru látnar í té að staðaldri, heldur einungis við einstök tækifæri.

Ef veitingasala fer að staðaldri fram í einkasal eða félagsheimili er heimilt að veita leyfi samkvæmt öðrum ákvæðum þessa kafla.

38. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um veitinga- og gististaði nr. 67 28. júní 1985 öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 10. júní 1987.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

15. júní 1987

Nr. 289

GJALDSKRÁ**fyrir hundahald í Ölfushreppi fyrir árið 1987.**

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Ölfushreppi árið 1987 skal vera kr. 2500 fyrir hvern hund, sbr. 2. gr. staflíð c) í samþykkt um hundahald í Ölfushreppi frá 18. maí 1987.

2. gr.

Handsömunargjald skal vera kr. 3000.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Ölfushrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. júní 1987.

F.h.r.

Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.

19. júní 1987

Nr. 290

REGLUGERÐ**um bann við netaveiðum fiskiskipa í júlí og ágúst.**

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 1. júlí 1987 til og með 15. ágúst 1987 eru allar þorskfisknetaveiðar bannaðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.